

# Könnun á lífríki á fyrirhuguðum vegarstæðum vegna nýbyggingar Suðurfjarðavegar um Kambanesskriður

Guðrún Á. Jónsdóttir  
Skarphéðinn G. Þórisson  
Halldór W. Stefánsson

Unnið fyrir Vegagerðina

## Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b> .....	2
<b>FUGLALÍF Á VEGARSTÆÐI</b> .....	2
<b>GRÓÐUR Á VEGARSTÆÐI</b> .....	2
<b>Stöð 0 - 500</b> .....	2
<b>Stöð 500 - 1300</b> .....	3
<b>Stöð 1300 - 2100</b> .....	3
<b>Stöð 2100 - 2800</b> .....	3
<b>Stöð 2800 - 3900</b> .....	3
<b>Stöð 3900 - 4200</b> .....	3
<b>GRÓÐUR Á NÁMUSVÆÐUM</b> .....	3
<b>TEGUNDIR PLANTNA</b> .....	3
<b>NIÐURSTÖÐUR OG ÁLYKTANIR</b> .....	4
<b>HEIMILDIR</b> .....	4

### KORT I.

**SUÐURFJARÐAVEGUR UM KAMBANESSKRÍÐUR (KAMBA-,  
HVALNES- OG FÆRIVALLASKRÍÐUR)**

## Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar var gerð athugun á gróðri og fuglalífi í Kambanesskriðum á svæðinu frá Selavík að norðan til Sandhöfða að sunnan, vegna fyrirhugaðrar nýbyggingar á Suðurfjarðavegi. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni (2000) er áætlað að ný veglína liggi nokkru neðar en núverandi vegur á 200 - 300 m kafla ofan við Karlsmýri á norðaustan verðu Kambanesi. Sunnan á nesinu er gert ráð fyrir nýju vegarstæði á um 700 - 800 m löngum kafla við ofan við Moldargil, austan við Prestastein og á um 300 m kafla við Hökulvíkurgil ofan við Hökulvík. Á öðrum svæðum er áætlað að ný veglína fylgi að mestu núverandi vegi þótt á nokkrum stöðum verði dregið úr beygjum svo sem við Þrælagil (Innstagil), Þrælagilsjaðar, Merkikambsjaðar og ofan við Tyrkjaklöpp (kort I).

Þann 6. júní 2000 var fuglalíf kannað á fyrirhugaðri veglínu í Kambanesskriðum. Gengið var um svæði þar sem ný veglína vikur frá núverandi vegi en annars var fylgst með fuglum frá núverandi vegi.

Gróður var skoðaður 7. desember 2000 og var þá gengið um þau svæði sem fyrirhugaðar breytingar á veglínu liggja um. Þar sem einungis eru fyrirhugaðar endurbætur á veginum í núverandi vegarstæði voru skráð helstu einkenni gróðurs sitt hvoru megin núverandi vegar. Þar sem gróður var sölnaður er einungis hægt að lýsa gróðurlendum í grófum dráttum. Ekki var hægt að gera úttekt á tegunda fjölbreytileika.

Leitað var í gagnasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands eftir upplýsingum um hvaða tegundir hafa áður verið skráðar á athugunarsvæðinu.

## Fuglalíf á vegarstæði

Það land sem verður fyrir röskun af fyrirhugðum vegarframkvæmdum eru aðallega þurrir móar, skriður og grashvamar. Eftirfarandi tegunda varð vart á athugunarsvæðinu:

Rjúpa (*Lagopus mutus*); heyrnt í ropandi karra nálægt veglínu  
Spói (*Numenius phaeopus*); einn hljóður á flugi  
Heiðlóa (*Pluvialis apricaria*); ein hljóð á flugi  
Steindepill (*Oenanthe oenanthe*); einn syngjandi  
Maríuerla (*Motacilla alba*); ein á flugi

Auk ofangreindra fugla var reitingur af fyl (*Fulmarus glacialis*) í klettum ofan við veg og upp af fjöru neðan vegar.

## Gróður á vegarstæði

### Stöð 0 - 500

Ofan við Karlsmýri. Grasbrekka er niður frá núverandi þjóðvegi. Snarrótapunktur (*Deschampsia caespitosa*), hálingresi (*Agrostis capillaris*) og vinglar (*Festuca* spp.) eru þar áberandi. Vegarstæðið liggur út í deiglendi í jaðri Karlsmýrar og þar eru tegundir eins og mýrarstör (*Carex nigra*) og hrossanál (*Juncus arcticus*) áberandi. Mýrin verður blautari neðar og mýragróður þar meira áberandi.

### **Stöð 500 - 1300**

Frá afleggjara við Kambanes og vestur fyrir Kambaskriður er graslendi einkennandi bæði ofan og neðan við núverandi veg. Graslendið er víðast gróskumeira neðan við veg en ofan við, þar sem mosagróður er meira áberandi. Einnig eru skriður áberandi og eru þær mismikið grónar en víða grónar mjög gisnum gras- eða mosagróðri.

### **Stöð 1300 - 2100**

Frá stöð 1300 liggur nýja veglínan neðan við núverandi veg. Graslendi er á mestöllu þessu vegarstæði. Utarlega eða u.þ.b. við stöð 1500 eru nokkrar smá uppsprettur en þó var ekki sjáanlegur votlendisgróður nema mosi í uppsprettunum. Við Moldargil er gróður gisin og þar sáust aðallega grös, svo sem vinglar og einnig er vafalaust talsvert um blómplöntur svo sem möðrur (*Galium spp.*), lokasjóð (*Rhinanthus minor*) og ljónslappa (*Alchemilla alpina*).

### **Stöð 2100 - 2800**

Á þessu svæði er fyrirhugað vegarstæði að mestu á sama stað og núverandi vegur. Lítið grónar skriður eru áberandi en graslendi og mosapembur með grasi eru þar sem gróður finnst, sem er einkum milli skriðutungnanna ofan við veginn og á stöku torfum neðan vegar t.d. upp af Tyrkjaklöpp og í Prælagilsjaðri.

### **Stöð 2800 - 3900**

Á þessu svæði er fyrirhugað vegarstæði að mestu á sama stað og núverandi vegur eða örlítið neðar. Graslendi er neðan við veginn við Færivelli og austur undir Innsta jaðar. Neðst á nesinu austan við Færivelli er svolítið votlendi en annars er fremur gisið graslendi í brekkunum upp að núverandi vegi. Innan við Færivelli er gróðurlítill skriða á kafla en síðan aftur grasmóar þar sem vingull er mjög áberandi. Ofan til í brekkunni upp undir vegi og á hryggum er talsverður mosi í graslendum og örlítill sást af kræki (*Empetrum nigrum*) og beitlyngi (*Calluna vulgaris*). Ofan við veginn eru mosapembur með grasi eða grasmóar.

### **Stöð 3900 - 4200**

Á þessari leið liggur nýtt vegarstæði um grasmóa af svipuðu tagi og áður er lýst. Áberandi eru vinguls tegundir og hærur (*Luzula spp.*) og einnig er talsvert um blómjurtir svo sem lokasjóð, möðrur og ljónslappa.

## **Gróður á námusvæðum**

Við námu sem merkt er C1 á korti var mosapemba með stinnastör (*Carex bigelowii*) og grasi einkennandi gróðurlendi. Við Námu C3 var mosapemba með grasi, einkum vingli og á milli grasmói. Svólítið sást af krókum (*Cladonia sp.*), líklega hreindýrkrókum. Náma D er í gróðurlítilli skriðu. Skriðan er þó að hluta vaxinn gisnum mosa og grasmóagróðri.

## **Tegundir plantna**

Ekki er að finna í gagnasafni Náttúrufræðistofnunar Íslands (2000) upplýsingar um að friðlýstar tegundir eða tegundir á valista hafi verið skráðar á athugunarsvæðinu. Nokkrar fremur sjaldgæfar tegundir hafa verið skráðar á þessu svæði svo sem klettafrú (*Saxifraga cotyledon*) og bergsteinbrjótur (*Saxifraga paniculata*) sem fundist hafa í Hvalnesskriðum og mýraertur (*Lathyrus palustris*) sem fundist hafa í Kambaskriðum. Bergsteinbrjótur og klettafrú vaxa all víða á Austurlandi en mýraertur eru sjaldgæf tegund sem þó hefur fundist hér og þar um landið (Hörður Kristinsson 1986, Náttúrufræðistofnun Íslands 1998).

## Niðurstöður og ályktanir

Svæðið sem til athugunar er vegna vegagerðar fyrir Kambanesskriður einkennist af skriðum sem eru mismikið grónar einkum grasi og mosa. Á milli skriðutungnanna eru grasmóar sem eru talsvert gróskumiklir neðan til í brekkunum og utan í hryggjum en gisnari og mosaríkari ofar í brekkum og á hryggjum og hæðum. Ekki var hægt að greina tegundasamsetningu grasmóanna nákvæmlega en blávingull er þó víða mjög áberandi og einnig voru túnvingull, snarrótarpuntur og hálingresi algeng ásamt hærnum og ýmsum blómjurtum. Við Karlsmýri fer nýtt vegarstæði á smá kafla um mýrarjaðar

Á fyrirhuguðum námasvæðum á Kambanesinu er mosapemba með stinnastör og grasi einkennandi gróðurlendi. Ekki er því um sérstaklega verðmæt gróðurlendi að ræða á þessum svæðum nema hvað algrónir blettir hafa gildi, ekki síst fagurfræðilegt, þar sem lítið gróið land er áberandi í kring.

Plöntutegundir á valista eða friðlýstar hafa ekki verið skráðar á þessu svæði í fyrri athugunum en óljóst er hversu vel svæðið er kannað. Ekki var hægt að gera úttekt á tegundafjölbreytileika plantna á svæðinu eða rannsaka hvort þar kunnist að finnast sjaldgæfar tegundir í þessari athugun, þar sem gróður var sölnaður þegar farið var á vettvang.

Niðurstöður þessara athugana benda ekki til að fuglalíf sé mikið á áhrifasvæði fyrirhugaðrar vegagerðar um Kambanesskriður.


## Heimildir

Hörður Kristinsson 1986. *Plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar*. Íslensk náttúra II. Örn og Örlygur, Reykjavík.

Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. Gagnagrunnur um útbreiðslu plantna. Óbirt.

Náttúrufræðistofnun Íslands 1998. Drög að útbreiðslukortum íslenskra blómplantna og byrkninga. Handrit. Óbirt.

Vegagerðin 2000. Nýbygging Suðurfjarðavegar um Kambanesskriður. Nóvember 2000. Óbirt



### Kort I: Suðurfjarðavegur um Kambanesskriður (Kamba-, Hvalnes- og Færvallaskriður)

Landmælingar: Vegagerðin  
 Hnitakerfi: ISN93 Hæðarkerfi: Landshæðarnet  
 Myndmæling: Ísgraf ehf. 1999, eftir loftmyndum frá ágúst 1999.  
 Flughæð 1800 m. Mæskvastærð 10x10 m.  
 Kortagerð: Vegagerðin, nív. 00. HSH.

					Suðurfjarðavegur	96-11
					Um Kambanesskriður	
			MELIKV.	Hannað	Yfirlitsmynd	
			1:12500	Telkn.		
			Dags.	Breytt af		